


SVEITARSTJÓRN DALABYGGÐAR

Úr dagbók sveitarstjóra, framlagt á 230. fundi
þann 12. janúar 2023



- Fyrst vil ég nefna að íbúar Dalabyggðar nú 1. janúar 2023 eru 655, 10 færri en í fyrir ári síðan. Þrátt fyrir þessa fækkun sem varð á liðnu ári þá eru tekjur Dalabyggðar af staðgreiðslu að hækka á árinu 2022, voru um 13% hærri en árið 2021 og um 4 millj.kr. hærri en gert var ráð fyrir í áætlun. Það er áhyggjuefni þessi þróun á íbúatölu og munum við áfram vinna að verkefnum til að snúa þessari þróun við að nýju. Hófleg gjaldtaka t.a.m. varðandi leikskólagjöld, aukið framboð íbúðarhúsnæðis auk annarra hvetjandi verkefna skipta þar miklu og munum við beita okkur af alefli hvað þetta viðfangsefni varðar.





- Framkvæmdir við endurbætur á skrifstofuhúsnæði Dalabyggðar héldu áfram, gólf á skrifstofurými og nýsköpunarsetri á jarðhæð var slípað og lakkað helgina 16. og 17. desember s.l. Það ásamt málningarvinnu og uppsetningu á milliveggjum auk þess sem tekin voru niður þil hefur skapað ákveðið rót í starfsumhverfi okkar góðu starfsmanna en það stendur allt til bóta. Samhliða þessum endurbótum þá höfum við endurmetið staðsetningu ákveðinna starfa hvað skrifstofurými varðar og mun t.a.m. skrifstofa Sýslumannsembættisins færast og þar með verður aðgengi að þeirri þjónustu aðgengilegra. Áfram verður unnið við endurbætur þó þessi verkþáttur klárast því næst á dagskrá er að skipta út ofnum því húsið er og hefur verið ansi kalt undanfarin ár og því tímabært að fara í þær endurbætur sem og hinar.



- Dalabyggð varð formlegur aðili að Umdæmisráði barnaverndar á landsbyggðinni um áramót. Áfram er unnið að lokafrágangi þess skipulags sem verða mun hér í Dalabyggð hvað dagleg verkefni varðar og er orðið brýnt að klára það mál þannig að ekki skapist rof í þjónustunni, bæði hvað varðar barnaverndarmál sem og félagsþjónustu almennt.

- Sveitarstjórn hélt aukafund þann 21. desember s.l. þar sem rætt var um breytingu á lögum varðandi tekjustofna sveitarfélaga í kjölfar samkomulags sem gert var um breytingu á fjármögnun þjónustu við fatlað fólk milli ríkis og sveitarfélaga. Hámarksútsvar sem sveitarfélög mega nú leggja á hækkaði í 14,74% eða um 0,22% samkvæmt breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995. Á lagður tekjuskattur ríkis lækkar um sama hlutfall í báðum skattþrepum. Sveitarstjórn samþykkti samhljóða þessa breytingu sem er mikilvægt að fylgja í ljósi regluverks í kringum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.



- Samningur við UDN var undirritaður þann 4. janúar s.l., samningur til þriggja ára sem vonandi styrkir íþróttastarf í Dalabyggð með ráð og dáð.
- Samningur við Leikklúbb Laxdæla var undirritaður þann 6. janúar s.l. samningur til þriggja ára sömuleiðis sem vonandi styður vel við bakið á þeirri mikilvægu menningarstarfsemi sem leiklistin er.
- Vinnufundur var haldinn vegna lokafrágangs Aðalskipulags Dalabyggðar 2020 – 2032 þann 28. desember og vil ég þakka þeim sem komu að þeim fundi fyrir afurð þess fundar sem og þeim nefndar- og starfsmönnum Dalabyggðar og Verkís sem komu að verkinu. Hér fyrir á fundinum staðfestum við aðalskipulagið sem fer nú til meðferðar Skipulagsstofnunar.





- Vinna við undirbúning umsókna til Byggðarstofnunar í svokallaðan C1 sjóð er í gangi og sjáum við í Dalabyggð fyrir okkur að reyna að ná stuðningi við verkefni okkar samfélagi til framdráttar.
- Talandi um samfélagið okkar þá langar mig að segja frá afar skemmtilegri og upplýsandi heimsókn sem ég átti nú fyrr í vikunni í starfstöð MS í Búðardal. Eins og við vitum þá er MS mikilvægur vinnustaður hér í Dalabyggð, um 25 manns á launaskrá auk þeirra starfsmanna sem ráðnir eru inn yfir sumarmánuðina. Það er afar fjölbreytt flóra mjólkurafurða sem unnin er í Búðardal þó osta flóran slá allt út. Ég fékk að sjá yfirlit yfir framleiðslumagn einstakra vörunúmera og það er magnað hvað rennur í gegn á ári hverju. Við íbúar Dalabyggðar megum vera stolt af starfsstöð MS eins og reyndar mörgu öðru hér í okkar samfélagi.



ORÐVESTRI



ÚR NORÐRI



SUNDLAUGARGARÐUR



ÚR ÍÞRÓTTASAL



- Samtal við Eykt varðandi íþróttamannvirki hefur haldið áfram og hitti sveitarstjórn ásamt undirrituðum og umsjónarmanni framkvæmda fulltrúa fyrirtækisins á fundi í upphafi árs. Vonir standa til að draga fari til tíðinda í því samtali á næstu vikum.



- Embætti landlæknis er á lokametrum við vinnu sína á skýrslu í kjölfar úttektar sem gerð var á Silfurtúni í haust. Ljóst er að embættið mun koma á framfæri ábendingum til okkar um þætti sem þarf að bregðast við til úrbóta og er ekkert af því þess eðlis að ekki verði hægt að bregðast við. Til viðbótar hvað varðar Silfurtún þá er í undirbúningi viðhaldsvinna við eitt rými heimilismanns þannig að það verður það þriðja á innan við ári sem við endurbætum. Á viðhaldsáætlun ársins er eitt rými til viðbótar á dagskrá.
- Varðandi öldrunarmál og öldrunarþjónustu í Dalabyggð almennt og starfsemi Silfurtúns þá er hafin vinna við undirbúning mögulegrar samþættingar og fór fyrsti fundur starfshópsins fram í síðustu viku og verður fundað vikulega nú næstu tvo mánuði.



- Í tengslum við endurbætur okkar og framkvæmdir við nýsköpunarsetrið á jarðhæð Stjórnarsýsluhússins þá er á dagskrá að reyna að fá fleiri til að nota rýmið. Það er gaman að segja frá því að einn af alþingsmönnum NV-kjördæmis, Lilja Rannveig Sigurgeirsdóttir, hefur nýtt rýmið nú í jólahléi þingsins og vonandi sjá fleiri alþingismenn okkar ástæðu til þess að koma til okkar og nota þessa ágætu aðstöðu sem er að skapast.

- Auglýst hefur verið eftir umsóknum í Menningarmálaverkefnasjóð Dalabyggðar. Sjóðurinn hefur yfir að ráða 1.000.000,- kr. á árinu. Umsóknarfrestur er til og með 14. janúar, næsta laugardag, og ég hvet áhugasama til að skila inn umsóknum.





Eins og sjá má af þessari stuttu yfirferð má sjá að það eru margþætt viðfangsefni hjá okkur í Dalabyggð og er hér aðeins stiklað á stóru. Starfsfólk Dalabyggðar, á hinum ýmsu starfsstöðvum, eru að sinna sínum daglegu verkum alla daga að sannri alúð og fyrir það vil ég þakka um leið og ég hvet okkur öll til dáða til að efla okkar góða starf enn frekar.

Að endingu þá vil ég óska okkur öllum í Dalabyggð gæfu og góðs gengis á árinu sem nú er nýhafið. Undanfarnar vikur höfum við að mínu mati sáð ýmsum fræjum varðandi verkefni sem eiga alla möguleika til að verða samfélaginu okkar til heilla. Til að svo megi verða þá skiptir samstaða og samheldni máli og lít ég framhaldið og framtíðina bjartsýnum augum, okkur í Dalabyggð til heilla.

BBÞ – 12/01/2023